

Haustfréttir 2022

Starfsmannabreytingar:

Grétar matreiðslumaður er tekinn við yfirmatseld í eldhúsinu og Jose bættist þar við í fjarveru Barböru sem er í leyfi.

Friðný, Diljá og Hanna E hættu í sumar auk þess sem Alda, Gerða og Þóra fóru fóru í barneignaleyfi. Nýjir starfsmenn í sumar og haust eru því: Bergþóra, Birta Marín, Kiddý, Signý Ólöf og Tinna sem starfa á deildum.

1.sept var von á nýjum deildarstjóra á Snæfell, Guðfinnu Ýr, en hún var svo óheppin að brotna illa og kemur því ekki strax. Þar til Guðfinna kemur tekur Solla (Sólborg G) við deildarstjórn

Karen Inga er nýr talmeinafræðingur sem fer á milli leikskólanna, mánuð í senn, og sinnir bæði greiningum og talþjálfun.

Við þökkum fráfarandi starfsfólki samveruna og bjóðum nýtt fólk velkomið í hópinn.

Brrrr.... Nú fer kuldaboli að minna á sig og afar mikilvægt að börnin séu með hlýjan og skjólgóðan fatnað og skótau. Útigalli, regnföt, hlý peysa, húfa, vettlingar til skiptana og skór/stígvél eru nauðsyn.



er nauðsynlegt að aukafatnaður, nærföt, buxur, peysa og sokkar séu í leikskólanum

Vinsamlegast merkið föt og skó og kikið reglulega á óskilafatnað!

ATH smá tuð ☺

- Munið að loka hliðunum og ALLS EKKI leyfa börnunum að klifra yfir hliðið/girðingar eða opna sjálf þar sem það er óleyfilegt á leikskólatíma. Börnin geta ekki lært að fylgja þeim reglum ef annað gildir hjá foreldrum ☺
- Vert er að minna á að í lok dags þegar foreldrar eru komnir í hús eru börnin á þeirra ábyrgð, bæði inni í fataklefa og á leikskólalóðinni.

Við minnum foreldra á **KARELLEN APPIÐ** til að geta fylgst með skráningum og tekið á móti/sent skilaboð til og frá deildum. Til að byrja með bauð appið upp á takmarkaða möguleika og fældi fólk frá því að nýta það en undanfarið hafa orðið miklar endurbætur og lagfæringar svo notkun á því færirst í aukana

Bein númer inn á deidar:

Hengill: 488 4559
Askja: 488 4558
Krafla: 488 4557
Laki: 488 4562
Eldgjá: 4884561
Snæfell: 488 4560
Undraland: 483 4234

Vetrarstarfið

Vetrarstarfið er komið í fullan gang. Hópastarfstímar rúlla eftir stundaskrá viðkomandi deildar og sameiginleg rými, salur, kubbaherbergi og listasmiðja skiptast á milli deilda eftir vikudögum

Yngstu börnin eru nr. 1-2 og 3 að læra að vera fjarri foreldrunum og innan um önnur börn í leikskólanum.

Eins og áður eru aðaláherslur með yngri börnum vinna með LAL og máhljóð Lubba auk þess að vinna með leik og samskipti.

Eldri börn leikskólans vinna að auki með Vináttuverkefni Barnaheilla sem miðar að forvörnum gegn einelti, eflingu tilfinningavitundar og samskipta.

Elsti árgangur leikskólans æfir einnig ýmsa skólafærni og undirbýr sig þannig smátt og smátt fyrir flutning milli skólástiga

Á öllum deildum verður unnið með þemu í hópastarfi í vetur. Verkefni sem spanna mislöng tímabil og mismunandi viðfangsefni, t.d. ég/fjölskyldan mín, skordýr, haust, fuglar, tröll og fleira sem starfsfólk og börn velja.

Nýbreytni verður tekin upp í vetur en Bettina sem verið hefur deildarstjóri á Snæfelli mun fara á milli og leysa aðra deildarstjóra af í undirbúningstímum. Á þeim dögum verður hún með tónlistartíma á viðkomandi deildum



Starfsdagar – leikskólinn lokaður

Dagana 12.-14. október verður leikskólinn lokaður vegna námsferðar starfsmanna. Þetta eru starfsdagar sem fluttust frá vori og hausti 2022 Farið verður til Berlínar þar sem starfsmenn heimsækja leikskóla og fara á námskeið í heimspeki-gagnrýnin hugsun með börnum og hópefli. Þeir starfsmenn sem ekki fara í námsferðina vinna hér heima þessa daga. Þau fara m.a. í leikskólaheimsóknir og sækja Haustþing leikskóla á Suðurlandi.

Leikskólinn opnar aftur mánudaginn 17. Október

Framundan....

- 30. Sept: starfsmannafundur að morgni. Leikskólinn opnar kl 10
- 12.-14. október: Starfsdagar – Námsferð starfsmanna til Berlínar
- 21. október: Sunnudaginn 23. Okt verður Undraland 5 ára. Af því tilefni gerum við okkur glaðan dag föstudaginn á undan. Nánar auglýst síðar.
- 28. október: Bangsadagur. Börnin mega koma með bangsa að heiman

Bestu kveðjur, starfsfólk í Undralandi